



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Kópavogi, 2. desember 2013.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um landsnet ferðaleiða, 122. mál, þingmannatillaga.

Vísað er til tölvubréfs Alþingis frá 5. nóvember sl. þar sem óskað er álits Læknafélags Íslands (LÍ) á tillögu til þingsályktunar um landsnet ferðaleiða, 122. mál á 143. lögjafarþingi.

Í tillögunni felst að fela ráðherrum innanríkismála, iðnaðar- og viðskiptamála og umhverfis- og auðlindamála að hefja vinnu við skipulagningu og kortlagningu leiða- og þjónustukerfis fyrir ferðamenn sem ferðast um landið með öðrum hætti en á bifreiðum, þ.e. fótgangandi, á reiðhjólum eða á hestum og þannig búa til eitt samtengt landsnet ferðaleiða. Þá felur tillagan í sér að mat verði lagt á það hvort þarft sé að skipuleggja og kortleggja ferðaleiðir fyrir fólk á sjúkajökum eða gönguskíðum og fella þær ferðaleiðir inn í framangreint landsnet. Vinnunni er ætlað að ljúka eigi síðar en 1. janúar 2017.

Við skipulagningu og kortlagningu kerfis af þessu tagi þarf að hafa í huga aðgengi ferðamanna sem ferðast með þessum hætti um landið að heilbrigðisþjónustu. Komi eitthvað óvænt upp á í ferðinni gefur auga leið að leita getur þurft til læknis eða annars heilbrigðisstarfsmanns. Í greinargerð með tillögunni kemur fram að vegna verkefnisins muni þurfa öflugt samstarf við fjölmarga aðila sem þar eru taldir upp, m.a. embætti landlæknis. Af því verður ekki annað ráðið en að tillöguflytjendur geri sér grein fyrir því að öruggt aðgengi að heilbrigðisþjónustu sé þáttur í skipulagningu málsins.

Í ljósi þessa telur LÍ ekki þörf á að gera athugasemdir vegna þingsályktunartillögunnar.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Læknafélags Íslands,

Þorbjörn Jónsson,
formaður.